

# Ragnar, Ásta, Guðný og Kristinn



Ragnar, Ásta, Guðný og Kristinn eiga heima í stórum bæ við sjóinn. Pabbi heitir Ragnar og er kennari. Hann kennir ensku í litlum skóla. Hann talar íslensku, ensku, pólsku og portúgölsku. Mamma heitir Ásta. Hún á litla búð. Hún saumar föt og selur í búðinni.

Núna er sumar. Það er sólskin og hlýtt.

Stelpa heitir Guðný. Henni finnst gaman að fara á ströndina og synda í sjónum. Hún er góð í sundi. Bróðir hennar heitir Kristinn. Honum finnst líka gaman að fara á ströndina. Kristni finnst ekki gaman að synda. Honum finnst gaman að veiða fisk. Hann fer oft á bát með mömmu að veiða fisk.

## Kláraðu að skrifa orðin og merktu við myndirnar sem eru í textanum



F \_ \_ \_ \_



S \_ \_ \_ \_



K \_ \_ \_ \_ \_



B \_ \_



B \_ \_ \_ \_



K \_ \_ \_ \_



S \_ \_ \_ \_ \_



E \_ \_ \_ \_ \_



H \_ \_ \_



B \_ \_ \_ \_

## Lestu textann og merktu við rétt eða rangt

- 1- Fjölskyldan á heima hjá fjalli.
- 2- Ragnar er kennari.
- 3- Ásta á stóra búð.
- 4- Hún selur föt.
- 5- Núna er sumar, það er skólskin og kalt.
- 6- Guðnýju og Kristni finnst gaman að fara á ströndina.
- 7- Guðnýju finnst gaman að synda.
- 8- Kristni finnst ekki gaman að synda.
- 9- Kristinn veiðir fisk með mömmu sinni.
- 10- Þau fara í báti.

## Svaraðu spurningunum:

- 1- Hvar á fjölskyldan heima?
- 2- Hvað gerir Ragnar?
- 3- Hvað talar hann mörg tungumál?
- 4- Er Ásta líka kennari?
- 5- Hvað selur Ásta í búðinni?
- 6- Finnst krökkunum gaman að fara á ströndina?
- 7- Í hverju er Guðný góð?
- 8- Finnst Kristni gaman að synda?
- 9- Hvað finnst Kristni gaman að gera?
- 10- Með hverjum fer hann að veiða?